

Fundur í sveitarstjórn

15. fundur sveitarstjórnar Langanesbyggðar haldinn í Menntasetrinu á Þórshöfn fimmtudaginn 15. janúar 2015 og hófst kl 17:00

Mætt eru: Hilma Steinarsdóttir, Þorsteinn Ægir Egilsson, Gunnólfur Lárusson, Reynir Atli Jónsson, Siggeir Stefánsson, Halldóra Jóhanna Friðbergdóttir, Karl Ásberg Steinsson, Elías Pétursson og Sigríður Jóhannesdóttir sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerð væri athugasemd við fundarboð. Svo var ekki.

Þá kynnti oddviti að liður 21. í dagskrá Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga fellur niður vegna veðurs.

Dagskrá:

1. Fundargerð Hafnarnefndar Langanesbyggðar dags. 19. desember 2014.

Liður 4. Lóðamál hafnarsvæði.

Siggeir Stefánsson lýsir yfir vanhæfi sínu í þessum lið. Borið undir fundinn. Samþykkt samhljóða.

Rafn Jónsson kom og kynnti hlið Ísfélagsins á þessum lóðamálum.

Lagt til að afgreiðslu verði frestað.

Fundargerð að öðru leyti lögð fram til kynningar

2. Fundargerð Atvinnu-, menningar og ferðamálanefndar Langanesbyggðar dags. 8. janúar 2015

Lögð fram til kynningar

3. Fundargerð Landbúnaðarnefndar Langanesbyggðar dags 12. janúar 2015

Liður 1. Fjallskil 2014

Sveitarstjórn samþykkir að 90 þús kr halli á fjallskilasjóði verði greiddur úr sveitarsjóði. Sveitarstjórn leggur áherslu á að í framtíðinni skuli fjallskilin standa undir sér. Samþykkt samhljóða.

Fundargerð að öðru leyti lögð fram til kynningar.

4. Fundargerð 823. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga dags 12. desember 2014.

Lögð fram til kynningar

5. Fundargerð 370. fundar stjórnar Hafnarsambands Íslands dags. 11. desember 2014.

Lögð fram til kynningar

6. Fundargerð 22. fundar samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna Skólastjórafélags Íslands dags. 2. desember 2014.

Lögð fram til kynningar

7. Fundargerð 40. fundar samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna Félags grunnskólakennara dags. 2. desember 2014.

Lögð fram til kynningar

8. Fundargerð 4. fundar fagraðs vatnsveitusviðs Samorku dags. 3. desember 2014.

Lögð fram til kynningar

9. Ályktun frá UMFÍ, samþykkt á samráðsfundi UMFÍ dags. 11. október 2014

Lögð fram til kynningar

10. Erindi frá Ungmennafélagi Íslands dags. 10. desember 2014 – Auglýst eftir umsóknum um undirbúning og framkvæmd Landsmóts UMFÍ árið 2017.

Sveitarstjórn leggur til að erindið verði sent á Íþróttá og tómstundanefnd Langanesbyggðar. Samþykkt samhljóða.

11. Beiðni um styrk vegna samstarfsverkefnisins Bændur græða landið í Langanesbyggð á árinu 2014 dags. 12. desember 2014

Landgræðslan óskar eftir fjárstuðningi vegna verkefnisins „Bændur græða landið“ að upphæð 40 þúsund krónur.

Lagt til að Landgræðslan verði styrkt um 40 þúsund krónur. Samþykkt samhljóða.

12. Fjárbeiðni Stígamóta fyrir árið 2015 dags. 10. desember 2014.

Lagt til að Stígamót verði styrkt um 20 þúsund krónur. Samþykkt samhljóða.

13. Tilnefning í nefnd um sorpurðunarmál í Langanesbyggð.

Allir listar tilnefndu sinn fulltrúa í nefnd um sorpurðunarmál. N-Listi tilnefnir Reyni Atla Jónsson, L-Listi tilnefnir Gunnólf Lárusson, U-Listi tilnefnir Björn Guðmund Björnsson.

14. Reglur um ferðakostnað nefndar- og sveitarstjórnarmanna í Langanesbyggð.

Í fundargögnum eru tillögur að reglum um ferðakostnað nefndarmanna og sveitarstjórnarmanna í Langanesbyggð. Sveitarstjóra falið að skerpa á reglum um dagpeninga í samráði við oddvita. Lagt til að sveitarstjórn samþykki framlagðar reglur með þeirri breytingartillögu sem kom fram. 4 samþykktu(meiri hluti) og 3 (minni hluti) voru á móti. Reglurnar verða kynntar á heimasíðu Langanesbyggðar innan skamms.

U-Listinn lagði fram eftirfarandi bókun: U-Listinn hafnar framlögðum hugmyndum um greiðslur varðandi akstur og dagpeninga. Telja að aksturslengd eigi að miða við 20 km hvora leið og að ekki ætti að borga dagpeninga heldur útlagðan kostnað samkvæmt framlögðum reikningum og sveitarstjórnarmönnum sem öðrum sé gert að gæta ýtrasta aðhalds í kostnaði hverju sinni.

15. Erindi vegna skólaaksturs dags. 10. janúar 2015

Lagt fram til kynningar. Sveitarstjóra falið að kanna stöðu sveitarfélagsins og setja sig í samband við viðkomandi. Afgreiðslu frestað til næsta fundar. Samþykkt samhljóða.

16. Fjármögnun vegna fjárfestinga og framkvæmda 2014

Sveitarstjóri lagði fram minnisblað vegna þessarar fjármögnunar þar sem fram koma upplýsingar um kjör. Sveitarstjóri óskar eftir heimild til að ganga frá þessari fjármögnun fyrir allt að 50 milljónum kr. samkvæmt minnisblaði. Lagt til að sveitarstjóra verði heimilt að ganga frá fjármögnun fyrir allt að 50 milljónum kr. við Sparisjóð Norðurlands. Samþykkt samhljóða.

17. Samningur við Bonafide lögmenn um lögfræðipjónustu.

Samningurinn ræddur. Sveitarstjóri óskar eftir samþykki sveitarstjórnar til að ganga til samninga við Bonafide Lögmenn á grunni viðlagðra samningsdraga. 4 samþykktu tillöguna (meiri hluti) og 3 voru á móti (minni hluti).

U-Listi bókar eftirfarandi: U-Listinn samþykkir ekki framlagðan samning við Lögmannsstofuna Bonafide vegna tengsla aðila og að ekki hafi verið skoðaðir aðrir möguleikar.

Meirihlutinn bókar eftirfarandi: Meirihlutinn vill taka fram að fleiri aðilar voru skoðaðir eins og sjá má á minnisblaði sem fylgdi fundargögnum. Umræður innan meirihlutans hafa farið fram vegna tengsla og er það skoðun meirihluta að þau tengsl hafi ekki áhrif í þessari ákvarðanatöku.

18. Fjarfundabúnaður staðsettur á Bakkafirði

Sveitarstjóri kynnti tvo valkosti í fjarfundabúnaði. Umræður fóru fram og ákveðið að taka annan valkostinn. Heildarkostnaður við kaup á búnaði er áætlaður 350 þúsund krónur og við það bætist einhver kostnaður vegna uppsetningar. Sveitarstjóra falið að kaupa búnað fyrir báða byggðakjarna og láta setja hann upp. Samþykkt samhljóða.

19. Nýbygging leikskóla á Þórshöfn

U-Listi óskaði eftir þessum lið á dagskrá. Óskað er eftir upplýsingum um hver staðan sé á málinu. Oddviti ákvað að erindinu yrði svarað síðar þar sem engin gögn fylgdu með í fundargögnum frá U-Lista.

U-Listinn óskaði eftir fundarhléi.

U-Listinn gerði eftirfarandi bókun. U-Listi óskar eftir upplýsingum um hver staðan sé varðandi nýbyggingu leikskólans á Þórshöfn. Það er brýnasta verkefni Langanesbyggðar að byggja nýjan leikskóla og hörmum við hvað lítið hefur gerst í þeim málum frá kosningum. Það er ósk okkar að byggingarnefnd leikskólans haldi áfram störfum eins og var samþykkt sl. sumar af sveitarstjórn.

20. Skýrsla sveitarstjóra

Sveitarstjóri byrjaði á því að óska sveitarstjórnarmönnum gleðilegs nýs árs.

Starfsmannamál á Bakkafirði. Ráðning var unnin í samráði við HH Ráðgjöf. Búið að ganga frá ráðningu starfsmanns á leikskólann og starfsmanns til að sjá um höfnina.

Sorpmál og deiliskipulag. Búið er að setja deiliskipulag í auglýsingarferli og mun auglýsing birtast á mánudaginn. Mikilvægt er að í framhaldinu verði haldinn fundur með Bakkfirðingum vegna málsins. Sveitarstjóri hefur einnig átt viðræður við Íslenska Gámafélagið.

Byggðakvóti. Gengið var frá samningum við aðila sem það vildu varðandi byggðakvóta og búið er að úthluta honum.

Samningur við Þekkingarnet. Gengið frá samningi fyrir áramót og starfsmaður Þekkingarnetsins hefur hafði störf. Er verið að ramma verkefnið inn og forgangsraða.

Fjármál. Búið að senda fjárhagsáætlanir á alla deildarstjóra og bréf með.

Sveitarstjóri fundaði einnig með WISE sem er sá aðili sem selur okkur bókhaldskerfið, bæði til að skipuleggja framtíð, læra og laga verkferla.

Orkumál. Sveitarstjóri fór í heimsókn til Snæfellsbæjar, hitti þar bæjarstjóra ofl og skoðaði varmadælur af ýmsum gerðum. Mat sveitarstjóra er að þar sé á ferðinni mikið tækifæri til sparnaðar þegar til lengri tíma er lítið.

Viðtal á Sprengisandi. Sveitarstjóri fór í viðtal í þáttinn Sprengisand nýverið.

Fleira ekki gert

Fundargerð upplesin og samþykkt með 6 atkvæðum. Karl Ásberg var á móti

Fundi slitið kl 19:24